ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Sjálfbærniskýrsla Ölgerðarinnar

2022



# Efnisyfirlit


1. Inngangur
   - 1.1. Inngangsorð forstjóra
   - 1.2. Samstarfsaðilar
   - 1.3. Hagsmunaaðilar
   - 1.4. Stefna 2024
   - 1.5. Framtíðarsýn
   - 1.6. Markmið

2. Starfsemi
   - 2.1. Starfsemi og sjálfbærnistefna
   - 2.2. Stöðugar umbætur grunnur að menningu
   - 2.3. Sjálfbærnivegferð

3. Sjálfbær vöxtur
   - 3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
   - 3.2. Leed Gold umhverfisvottun
   - 3.3. Sjálfbærnimælaborð
   - 3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
   - 3.5. Tannvænir drykkir
   - 3.6. Sætuefni
   - 3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
   - 3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
   - 3.9. Umhverfisvænni umbúðir
   - 3.10. Styrkir

4. Fjölbreytileiki
   - 4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
   - 4.2. Markmið um nýráðningar
   - 4.3. Jafnvægisvogin
   - 4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78
   - 4.5. Inngildandi vinnustaður
   - 4.6. Núll-slysastefna
   - 4.7. Heilsueflandi vinnustaður
   - 4.8. Fræðsla og þjálfun
   - 4.9. Starfsþróun og menntunarstig
   - 4.10. Starfaskipti

5. Hringrásarhagkerfið
   - 5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
   - 5.2. Uppvinnsla – Bambahús
   - 5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
   - 5.4. Minnkun matarsóunar í vefverslun
   - 5.5. Endurvinnsla umbúða
   - 5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
   - 5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
   - 5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
   - 5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
   - 5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
   - 5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
   - 5.12. Aukin flokkun
   - 5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum

6. Kolefnishlutleysi
   - 6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
   - 6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
   - 6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
   - 6.4. Kolefnishlutleysi 2040
   - 6.5. Kolefnissporið minnkar
   - 6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
   - 6.7. Skipting kolefnislosunar
   - 6.8. Allir bílar rafbílar
   - 6.9. Rafvæðing í framleiðslu
   - 6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
   - 6.11. Upprunavottorð orku
   - 6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
   - 6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri

7. Yfirlitstöflur





1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# 1. Inngangur



# Inngangsorð forstjóra

Margir þættir þurfa að koma saman til að skapa eftirsóttan vinnustað. Einn þeirra er sjálfbærni og hjá Ölgerðinni er sjálfbærnihugsunin orðin samofin menningu fyrirtækisins. Við getum í raun gengið lengra og sagt að hún sé ein forsenda þess að raunverulegur árangur náist. Við höfum enda sett okkur skýr markmið um að vera fremst á þessu sviði, ekki aðeins með sjálfbærum ákvörðunum heldur með því að beina fjármunum í átt að sjálfbærum lausnum. Og við sjáum og finnum að við erum á réttri leið.

Í aðdraganda þess að á síðasta ári fórum við með Ölgerðina, 110 ára gamalt fyrirtæki, á markað, fundum við vel fyrir áhuga fjárfesta á sjálfbærnistarfi okkar og jafnframt að sú vinna sem sett hefur verið í það verkefni á undanförnum árum skilaði sér í góðu sjálfbærnimati hjá Reitun fyrir fjárfesta. Þá settum við upp sjálfbærnimælaborð fyrir stjórnendur sem gefa rauntímaupplýsingar um stöðu sjálfbærniuppgjörs félagsins, en þannig geta þeir tekið betri og sjálfbærari ákvarðanir. Þá erum við stolt af því að hafa á síðasta ári fengið Leed Gold umhverfisvottun á rekstri og viðhaldi húsnæðis okkar, en þá vottun fá aðeins þau fyrirtæki sem nýta bestu aðferðir og eru með virkt umbótastarf á þessu sviði.

Margt hefur annars staðið upp úr á síðasta ári sem var viðburðaríkt í meira lagi. Okkur hefur tekist að lækka losunarkræfni tekna með fjárfestingarákvörðunum. Losunarkræfni tekna fer úr 460 kgCO2í/milljón niður í 411 kgCO2í/milljón. Ný átöppunarlína fyrir dósir skilaði betri orkunýtingu en áður, skipt hefur verið um kælikerfi sem notar eingöngu umhverfisvænan kælimiðil og fjárfest hefur verið í orkuinnviðum og orkuskiptum. Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið sem styðja við það alþjóðlega markmið að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C fyrir árið 2030. Stefnt er að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

Ölgerðin hefur lagt markvissa vinnu í að bæta hollari valkostum við vöruúrvalið og fjöldi vara sem innihalda minni eða jafnvel engan sykur hefur aukist verulega. Hið sama má segja um bjórmarkaðinn, en margir áfengislausir bjórar hafa litið dagsins ljós og slegið rækilega í gegn. Á árinu fórum við í fjölda verkefna sem styðja við hringrásarhagkerfið. Við huguðum að úrgangsstraumum okkar og nýttum þannig slitinn starfsmannafatnað og endurunnum í grjónapúðastóla fyrir okkar eigið kaffihús. Ger sem fellur til við ölsuðu er nýtt í bjórsjampó og í samstarfi við PureNorth voru fyrstu plastbrettin okkar endurunnin á Íslandi. Loks má geta þess að við náðum að selja 20 tonn af vörum í vefverslun okkar sem voru tæpar á dagsetningum á stórlækkuðu verði með því að gera þær enn sýnilegri og vekja neytendur til vitunar um mikilvægi hringrásarhagkerfisins.

Fjölbreytileiki skiptir okkur líka máli, ekki aðeins í vöruúrvali, heldur líka á vinnustaðnum sem Ölgerðin er. Þannig unnum við að því að skapa inngildandi vinnustað, breyttum öllum salernum í kynhlutlaus salerni, bættum við búningsherbergi fyrir konur þar sem áður voru aðeins karlaklefar og síðast en ekki síst gerðum við úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða og í ljós kom að breytinga er þörf. Ölgerðin skrifaði undir Jafnvægisvogina og setti upp mælaborð þar sem meðal annars er hægt að fylgjast með hlutfalli kynja í nýráðningum. Í framhaldi var orðalagi við auglýsingar um störf hjá fyrirtækinu breytt.

Ölgerðin horfir til framtíðar á öllum sviðum og gerir sér ljóst að taka verður stór skref til að halda hlýnun jarðar innan marka og skapa aðstæður sem framtíðarfyrirtæki. Frammistaða okkar í sjálfbærnimálum helst í hendur við árangur fyrirtækisins og skapar eftirsóttan vinnustað með mannauð í fremstu röð. Við erum mjög spennt fyrir framtíðinni og þeim áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir og ætlum að sýna í verki og með hjartanu áframhaldandi árangur á sviði sjálfbærni. Við hlökkum til að halda þessari vegferð áfram.






1. Inngangur
   - 1.1. Inngangsorð forstjóra
   - 1.2. Samstarfsaðilar
   - 1.3. Hagsmunaaðilar
   - 1.4. Stefna 2024
   - 1.5. Framtíðarsýn
   - 1.6. Markmið
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Samstarfsaðilar

Við hjá Ölgerðinni vinnum með neti af samstarfsaðilum í sjálfbærnivegferð okkar, má þar nefna Festu, UN Global Compact, Heimsmarkmiðin og Science Based Targets (SBTi). Mikilvægt er að vinna með framsæknum aðilum og vera vakandi yfir þeim breytingum sem eiga sér stað á heimsvísu.

### Stoltur aðili Festu

Í nóvember 2015 skrifaði forstjóri Ölgerðarinnar undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) ásamt yfir 100 öðrum forstjórum. Yfirlýsingin kallast Loftslagsyfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar en Festa og Reykjavíkurborg hafa stutt fyrirtækin í að vinna markvisst að loftslagsmálum sínum. Yfirlýsingin felst í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs og mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu sjálfbærnivegferðar.

### The Global Compact

UN Global Compact (UNGC) er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífs um ábyrga starfshætti þar sem fyrirtæki og stofnanir eru hvött til góðra verka í þágu samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Um 21 þúsund fyrirtæki eru aðilar að UN Global Compact á heimsvísu. Íslensk fyrirtæki, sem eru virkir þátttakendur, eru 28 talsins og er Ölgerðin þar á meðal. Tilgangur staðarnets UN Global Compact á Íslandi er að stuðla að markvissri samvinnu samtakanna við íslenskt atvinnulíf og hraða þannig þróun í sjálfbærni. Með þátttöku í Global Compact skuldbinda fyrirtæki sig til þess að innleiða hin tíu meginmarkmið sáttmálans í starfsemi sína. Þannig eru fyrirtæki ekki aðeins að halda uppi grunnskyldum sínum gagnvart fólki og umhverfi, heldur einnig að skapa verðmæti fyrir atvinnulífið og samfélagið ásamt því að leggja grunn að árangri til lengri tíma.

### Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016–2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Við hjá Ölgerðinni höfum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í sjálfbærnistefnunni.

### Science Based Targets

Science Based Targets (SBTi) er leiðarvísir fyrir fyrirtæki til að ná fram loftslagsmarkmiðum og koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga. SBTi er leiðarvísir fyrirtækja í átt að kolefnishlutleysi (e. Net Zero), á að ýta undir nýsköpun og sjálfbæran vöxt með því að gefa fyrirtækjum verkfæri til að setja metnaðarfull og vísindalega samþykkt sjálfbærnimarkmið. Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miðum að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C til 2030 og ná fram kolefnishlutleysi árið 2040.

# Hagsmunaaðilar

Samstarfsaðilar
Birgjar
Eigendur
Neytendur
Viðskiptavinir
Stjórnvöld
Starfsfólk
Umhverfið
Þjónustuaðilar

1. Inngangur
1.1. Inngangsorð forstjóra
1.2. Samstarfsaðilar
1.3. Hagsmunaaðilar
1.4. Stefna 2024
1.5. Framtíðarsýn
1.6. Markmið
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Stefna 2024

Við hjá Ölgerðinni leggjum allt kapp á að stækka, auka hagkvæmni í rekstri og skapa eftirsóttan vinnustað.

Við höfum trú á því að þessi fjögur áhersluatriði skili árangri með sem hröðustum hætti – vöxtur, fjölbreytileiki, stafræn þróun og sjálfbærni. Allar deildir fyrirtækisis hafa komið að því að finna verkefni sem styðja þessi fjögur lykilmarkmið.

**Áherslur sem gera okkur að fyrsta vali**

**Vöxtur**

Við stefnum á 50 milljarða veltu og skilum að lágmarki 5 milljarða EBITDA

**Fjölbreytileiki**

Við löðum að okkur hæfasta starfsfólkið og höldum því með hvetjandi fyrirtækja-menningu án fordóma og með áherslu á jafna möguleika

R24

**Stafræn umbreyting**

Við tryggjum forskot á markaði með því að umbylta hvernig við nýtum gögn og stafræna tækni

**Sjálfbærni**

Við útrýmum allri sóun og erum fyrirmynd annarra þegar kemur að sjálfbærni og samfélagsábyrgð



1. Inngangur
1.1. Inngangsorð forstjóra
1.2. Samstarfsaðilar
1.3. Hagsmunaaðilar
1.4. Stefna 2024
1.5. Framtíðarsýn
1.6. Markmið
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Framtíðarsýn

**FRAMTÍÐARSÝN**

**FYRSTA VAL**

**MARKMIÐ**

| EBITDA | HLUTFALL NÝRRA VARA | ÁNÆGJA STARFSMANNA | ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA |
|---|---|---|---|
| >10% | >5% | >85% | >75% |

**STEFNA**

- Við sinnum hverjum viðskiptavini og birgi eins og hann væri okkar eini
- Við setjum aðeins þau vörumerki á markað sem eru, eða hafa möguleika á að vera, fremst í sínum flokki
- Hjá fyrirtækinu starfar fjölbreyttur hópur af skapandi og framsæknu starfsfólki sem er fremst í að skapa sjálfbæran rekstur
- Sjálfbærni er samofin menningu, við eyðum allri sóun og nýtum okkur stafræna tækni til umbóta og skapa okkur samskeppnis-forskot
- Við erum keppnis, gerum hlutina fyrr og betur en aðrir og leggjum metnað í að skapa eftirsóttasta vinnustað landsins

**GILDI**

JÁKVÆÐNI · ÁREIÐANLEIKI · HAGKVÆMNI · FRAMSÆKNI


1. Inngangur
   - 1.1. Inngangsorð forstjóra
   - 1.2. Samstarfsaðilar
   - 1.3. Hagsmunaaðilar
   - 1.4. Stefna 2024
   - 1.5. Framtíðarsýn
   - 1.6. Markmið
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Markmið

Markmið hvers árs eru flæðandi þar sem ný markmið bætast iðulega við yfir árið og ávallt er verið að leita að tækifærum til umbóta. Horft er til langtímamarkmiða og stefnu fyrirtækisins þegar ný skammtímamarkmið eru sett.

**Markmið árið 2022**

- ✓ Hringrásarhagkerfis-verkefni **Uppvinnsla á starfs-mannafatnaði og á bömbum**
- ✓ Auka vöruúrval hollari valkosta í drykkjarvörum
- ✓ Hlutfallslega meira fjármagni varið í markaðssetningu á hollari vörum
- ✓ Fjölga viðskiptavinum í vefverslun og fjárfesta í henni
- ✓ Starfsánægja yfir 85% **Náðist: 88,4%**
- ✗ Núll-slysastefna
- ✓ Auka úrval hollari valmöguleika innfluttra matvara
- ✓ Meira vegan
- ✓ Samningur um skógrækt
- ✗ 30% rafbílar **Náðist: 25%**
- ✓ Kynhlutlausar merkingar á salernum — Markmið sem bættist við
- ✓ Úttekt á aðgengi frá Sjálfsbjörgu — Markmið sem bættist við
- ✓ Mannréttinda-stefna innleidd — Markmið sem bættist við
- ✓ Leed Gold umhverfis-vottun á rekstri og viðhaldi húsnæðis — Markmið sem bættist við
- ✓ Fyrstu vöruflutningabílarnir sem eru knúnir 100% rafmagni keyptir á Íslandi — Markmið sem bættist við
- ✓ Skrifuðum undir Jafnvægisvogina — Markmið sem bættist við
- ✓ Kynhlutlausar merkingar á salernum — Markmið sem bættist við
- ✓ Fyrstu plastbrettin frá okkur voru endurunnin á Íslandi — Markmið sem bættist við
- ✓ Minnkun matarsóunar í vefverslun — Markmið sem bættist við
- ✓ Umhverfisvænt kælikerfi — Markmið sem bættist við
- ✓ Jákvæð karlmennska — Markmið sem bættist við
- ✓ Sjálfbærnimælaborð fyrir stjórnendur — Markmið sem bættist við


1. Inngangur
   - 1.1. Inngangsorð forstjóra
   - 1.2. Samstarfsaðilar
   - 1.3. Hagsmunaaðilar
   - 1.4. Stefna 2024
   - 1.5. Framtíðarsýn
   - 1.6. Markmið
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Markmið

## Markmið árið 2023

- Starfsánægja yfir 85%
- Núll-slysastefna
- Hringrásarhagkerfis-verkefni (umbóta-verkefni á úrgangs-straumum)
- Auka úrval hollari valkosta í drykkj-arvörum
- Tryggja rafmagn fyrir framtíðarbíla-flota fyrirtækisins
- Sjálfbærnifræðsla fyrir allt starfsfólk Ölgerðarinnar í formi 10 mínútna mynd-banda
- Léttari plastflöskur með hærra hlutfall af endurunnu efni
- Bæta aðgengi að byggingu fyrir allt starfsfólk og alla gesti
- Samræma flokk-unarmerkingar sam-kvæmt Fenúr
- Úttekt á stefnu um einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni frá Vinnu-eftirlitinu
- Hinsegin vottun – heildstæð fræðsla fyrir starfsfólk
- Að losunarkræfni tekna dragist saman um 2% milli ára

## Markmið 2030

- SBTi – Losunarkræfni tekna (kolefnisspor/veltu) 63% minna árið 2030 fyrir umfang 1 og 2 miðað við 2020
- 50% minni sykur á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru árið 2030 miðað við 2020
- Hlutfall á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórn fyrir 2027
- Allar pakkningar sem við notum fyrir eigin framleiðslu verði úr 60% endurnýttu hrá-efni árið 2030
- 99% flokkunar-hlutfall árið 2030
- 100% endurnýjanleg orka í starfsemi árið 2030
- 25% minna kolefn-isspor framleiðslu-vara árið 2030 miðað við 2020



1. Inngangur
1.1. Inngangsorð forstjóra
1.2. Samstarfsaðilar
1.3. Hagsmunaaðilar
1.4. Stefna 2024
1.5. Framtíðarsýn
1.6. Markmið
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# 2. Starfsemi Ölgerðarinnar



# Starfsemi og sjálfbærnistefna

Ölgerðin og dótturfélög framleiða, flytja inn og út, dreifa og selja drykkjarvörur, matvæli og ýmsar sérvörur. Sjálfbærni tengist því inn í rekstur okkar á margvíslegan hátt enda er starfsemin breið og fjölbreytt. Tæplega 50% af framlegð samstæðunnar er vegna sölu á eigin vörumerkjum Ölgerðarinnar. Þar er hægt að hafa áhrif á alla virðiskeðjuna, frá vöruþróun, vali á umbúðum, endurvinnslu o.fl. Um það bil 16% af framlegðinni er framleiðsla og sala á vörum á grundvelli sérleyfissamninga þar sem framleiðsla Ölgerðarinnar er hluti af sjálfbærnimarkmiðum stórra birgja. Þar skiptir framleiðsla nálægt samfélaginu og umhverfisvænt dreifikerfi máli. Um 35% af framlegðinni eru innfluttar vörur en þar skipta m.a. góð samvinna við birgja og birgjamat máli. Þar er hægt að hafa áhrif á þær vörur sem settar eru á markað, enda hefur verið aukning í heilsusamlegri og umhverfisvænni vörum í vöruúrvali.



Sjálfbærnistefna Ölgerðarinnar var sett árið 2021 og er endurskoðuð árlega. Stjórnendur Ölgerðarinnar unnu að stefnunni og voru vinnustofur haldnar til að greina þá áhersluflokka sem taldir voru mikilvægastir. Til hliðsjónar við gerð stefnunnar voru þau heimsmarkmið valin sem talið var að Ölgerðin gæti haft mest áhrif á. Fjórir flokkar urðu að lokum fyrir valinu sem ríma við framtíðarsýn fyrirtækisins um fyrsta val og stefnu Ölgerðarinnar til 2024.

### Skipting framlegðar 2022




Flokkarnir í sjálfbærnistefnu Ölgerðarinnar eru:

- **Sjálfbær vöxtur**
- **Fjölbreytileiki**
- **Hringrásarhagkerfi**
- **Kolefnishlutleysi**

Samhliða sjálfbærnistefnunni voru sett mælanleg markmið og er þeim fylgt eftir með sjálfbærnimælaborði fyrir stjórnendur og starfsfólk. Mælikvarðarnir í mælaborðinu voru settir upp út frá sjálfbærnistefnunni og eru gerðir upp mánaðarlega. Í hverjum flokki fyrir sig er unnið að umbótaverkefnum og stærri verkefnum og árangur er mældur reglulega. Þessir fjórir áhersluflokkar eru gerðir upp hver í sínu lagi í skýrslunni enda vinnum við eftir stefnunni með þeim hætti í fyrirtækinu. Hægt er að finna sjálfbærnistefnuna í heild sinni hér.

1. Inngangur
2. Starfsemi
2.1. Starfsemi og sjálfbærnistefna
2.2. Stöðugar umbætur grunnur að menningu
2.3. Sjálfbærnivegferð
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Stöðugar umbætur grunnur að menningu

Það má með sanni segja að umbótahugsun sé rótgróin í menningu Ölgerðarinnar en allt starfsfólk fyrirtækisins vinnur stöðugt að umbótum og eru þær grunnurinn að því sem við gerum. Við erum stöðugt að finna leiðir til að gera hlutina betur í dag en í gær en hver umbót minnkar sóun í fyrirtækinu og er því beintengd við sjálfbærni. Allt starfsfólk fyrirtækisins hefur tækifæri til að leggja fram hugmyndir að umbótum og er tekið vel á móti öllum hugmyndum. Opið mælaborð er á innri vef fyrirtækisins þar allar umbætur sem við höfum lokið við eru gerðar sýnilegar. Innan fyrirtækisins eru nokkrir umbótahópar sem taka á móti hugmyndunum að umbótum eftir sviðum og vinna úr þeim. Mánaðarlega eru umbætur, sem lokið hefur verið við, gerðar upp. Þær sem þóttu athyglisverðastar í hverjum mánuði fyrir sig eru kynntar á opnum umbótafundi fyrir starfsfólk sem yfir 100 manns sækja. Verðlaun eru veitt fyrir „umbót mánaðarins“. Einnig er fjöldi lokinna umbóta á árinu gerður sýnilegur í anddyri fyrirtækisins. Fyrir hverja lokna umbót fer einn tappi í súlu og markmiðið er að fylla tvær súlur á ári. Í fyrra var 445 umbótum lokið í fyrirtækinu. Á árinu bættum við einnig við flokkun á tegund umbóta og getum því sérstaklega fylgst með umbótum sem tengjast ákveðnum áherslum, líkt og sjálfbærni eða fjölbreytileika. Þetta var mikilvæg viðbót til að hafa yfirsýn yfir þær tegundir umbóta sem koma frá starfsfólki og koma auga á hvar gæti vantað hvatningu til umbótaverkefnis.

### Fjöldi umbótaverkefna






1. Inngangur
2. Starfsemi
2.1. Starfsemi og sjálfbærnistefna
2.2. Stöðugar umbætur grunnur að menningu
2.3. Sjálfbærnivegferð
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Sjálfbærnivegferð

Frá árinu 2013 hefur markvisst verið unnið að sjálfbærni hjá Ölgerðinni. Á hverju ári upp frá því hefur Ölgerðin staðið framarlega á því sviði miðað við þá þekkingu sem var til staðar. Sem dæmi má nefna fyrsta rafbílinn sem Ölgerðin tók í notkun árið 2014. Hann drífur ekki nema um 70 km í dag en markaði byrjunina á orkuskiptum Ölgerðarinnar og notkun grænnar orku í starfseminni. Einnig má nefna styrk til Kolviðar og Endurheimt votlendis árið 2018 sem talið var að gæti kolefnisjafnað reksturinn á þeim tíma. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Bæði þarf vottaðar kolefniseiningar, sem er langtímaverkefni, og ekki er nóg að horfa til kolefnislosunar frá rekstri heldur þarf að taka inn losun frá allri virðiskeðjunni. Ölgerðin var meðal fyrstu fyrirtækja á Íslandi til að setja sér SBTi markmið. Þar með varð ljóst að verkefnið var stærra en áður var talið, enda er aðeins um 5–10% losunar frá eigin rekstri. Í fyrra fékk Ölgerðin Leed Gold umhverfisvottun, m.a. vegna þess að það var eitt af sjálfbærnirömmum bankanna til að sækja grænt fjármagn. Síðan þá hefur margt nýtt komið í ljós og nú erum við að vinna í innleiðingu umfangsmikils regluverks frá Evrópusambandinu til að stýra fjármagni í umferð í átt að sjálfbærum lausnum. Sú vegferð sem við höfum verið á gerir okkur tilbúin fyrir reglugerðirnar og sjáum við nú tækifæri til aukinnar sjálfbærni enn skýrar en áður.

**2013**

- Markviss vinna með sjálfbærni hefst – 100 verkefni á 100 ára afmæli.

**2014**

- Fyrsti rafbíllinn tekinn í notkun og og við göngum í Global Compact.

**2015**

- Skrifum undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar. Hefjum mælingar á kolefnisspori.

**2018**

- 40% minni losun.
- Allir áfyllingarbílar rafbílar.
- Rafmagnsketill í framleiðslu settur í forgang.
- Tökum þátt í skógrækt og styðjum votlendisverkefni.

**2020**

- Hefjum mælingar á kolefnisspori aðfangakeðjunnar.

**2021**

- Setjum okkur SBTi markmið sem miðar að því að halda hækkun hitastigs jarðar innan við 1,5°C.

**2022**

- Leed vottun á viðhaldi og rekstri húsnæðisins.

1. Inngangur
2. Starfsemi
2.1. Starfsemi og sjálfbærnistefna
2.2. Stöðugar umbætur grunnur að menningu
2.3. Sjálfbærnivegferð
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# 3. Sjálfbær vöxtur



# 3. Sjálfbær vöxtur

Við hjá Ölgerðinni ætlum fyrirtækinu að stækka með hagkvæmum og sjálfbærum hætti og styðja þannig við hagvöxt og atvinnu á Íslandi. Því verður meðal annars náð fram með aukinni framleiðni, stafrænni þróun og lágmörkun á umhverfisáhrifum. Markmið okkar hjá Ölgerðinni er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærnimála verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar félagsins. Við veljum okkur samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað og fyrirtækið okkar þegar kemur að sjálfbærni.

## Fjárfestingarákvaðarnir minnka losunarkræfni

**Okkur hefur tekist að lækka losunarkræfni með fjárfestingarákvörðunum. Losunarkræfni tekna fór úr 460 kgCO2í/milljón niður í 411 kgCO2í/milljón. Til að mynda hefur ný átöppunarlína fyrir dósir skilað betri orkunýtingu en áður. Dæmi um aðra fjárfestingu er uppfærsla á öllu kælikerfi í fyrirtækinu úr óumhverfisvænum kælimiðli í umhverfisvænan. Einnig hafa miklir fjármunir farið í fjárfestingar í orkuinnviðum og orkuskiptum.**

## Leed Gold umhverfisvottun á rekstri og viðhaldi húsnæðis

**Á árinu fékk Ölgerðin staðfesta Leed Gold (e. Operations & Maintenance) umhverfisvottun fyrir viðhald og rekstur atvinnuhúsnæðis en þá vottun fá aðeins þau fyrirtæki sem nýta bestu þekktu aðferðir og eru með virkt umbótastarf á þessu sviði.**

## Sjálfbærnimælaborð

**Á árinu var sett upp sjálfbærnimælaborð fyrir stjórnendur sem hafa þannig aðgengi að sjálfbærniupplýsingum á sama hátt og fjárhagsupplýsingum félagsins.**

## Vöruúrval – hollari valkostir og áfengislausir bjórar

**Markvisst var unnið að því að auka framboð af hollari valkostum. Við höfum áhrif með því vöruúrvali sem við setjum á markað hverju sinni og með endurbótum á núverandi vöruúrvali. Það er hluti af okkar sjálfbærnivegferð að bjóða íslenskum neytendum upp á hollari valkosti, svo sem vörur með minni eða engan sykur og áfengislausa bjóra. Þannig höfum við jákvæð áhrif á lýðheilsu og samfélagið allt.**

# Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni

Okkur hefur tekist að lækka losunarkræfni með fjárfestingarákvörðunum en losunarkræfni tekna fór úr 460 kgCO2í/milljón niður í 411 kgCO2í/milljón. Til að mynda hefur ný átöppunarlína fyrir dósir skilað bættri orkunýtingu en áður. Dæmi um aðra fjárfestingu er uppfærsla á öllu kælikerfi í fyrirtækinu úr óumhverfisvænum kælimiðli í umhverfisvænan. Einnig hafa miklir fjármunir farið í fjárfestingar í orkuinnviðum og orkuskiptum.

**Losunarkræfni tekna**




**Losunarkræfni rekstrarframlegðar**






1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Leed Gold umhverfisvottun
3.3. Sjálfbærnimælaborð
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Leed Gold umhverfisvottun

Ölgerðin hefur fengið staðfesta Leed Gold (e. Operations & Maintenance) umhverfisvottun fyrir viðhald og rekstur atvinnuhúsnæðis en þá vottun fá aðeins þau fyrirtæki sem nýta bestu þekktu aðferðir og eru með virkt umbótastarf á þessu sviði.

Þegar hafist var handa við uppsetningu nýrrar framleiðslulínu og nýbyggingu Ölgerðarinnar á síðasta ári var ákveðið að gera það með eins umhverfisvænum hætti og unnt væri, t.d. var límtré notað í stað hefðbundinnar steypu. Notast var við umhverfisvænar aðferðir og farið eftir leiðbeiningum um sjálfbærni við framkvæmdina og hafa þurfti fjölmarga þætti í huga til að fasteignin gæti hlotið umhverfisvottun. Unnið var í að fá vottun fyrir allar fasteignir Ölgerðarinnar, eða 23 þúsund fermetra, til að gera rekstur og viðhald þeirra eins umhverfisvæn og hægt væri. Grænustu byggingarnar eru þær sem hafa nú þegar verið byggðar ef við höldum þeim við og rekum þær með sjálfbærum hætti.

Leed er vottunarkerfi sem tekur á fjölmörgum þáttum er varða umhverfi og sjálfbærni og ýtir þannig undir að viðhald og rekstur verði umhverfisvænni og hagkvæmari. Vottunarkerfinu fylgja ráðleggingar um hvernig hægt er að minnka notkun orku, vatns og annarra náttúruauðlinda og draga úr sóun.

Ávinningur slíkrar vottunar er að hún hjálpar þeim sem sjá um rekstur og viðhald fasteigna og starfsfólki fyrirtækja að bæta afköst, draga úr kostnaði og sóun í ferlum. Þetta gefur einnig fyrirtækjum ákveðna viðurkenningu á forystu í sjálfbærni.

U.S. GREEN BUILDING COUNCIL
LEED GOLD
USGBC™




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Leed Gold umhverfisvottun
3.3. Sjálfbærnimælaborð
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Sjálfbærnimælaborð

Á árinu var sett upp sjálfbærnimælaborð fyrir stjórnendur fyrirtækisins. Sjálfbærnimælaborðið sýnir lifandi upplýsingar um stöðu sjálfbærniuppgjörs félagsins. Stjórnendur fara mánaðarlega yfir sjálfbærniupplýsingar líkt og yfir fjárhagsupplýsingar félagsins. Við trúum því að með þessum hætti getum við tekið ákvarðanir sem leiða til lægra kolefnisspors og að þannig náum við markmiðum okkar. Mælaborðið sýnir ekki eingöngu gögn um losun heldur er einnig hægt að draga fram fleiri mælikvarða og þannig geta stjórnendur séð nálina hreyfast í ákveðnum flokkum, td. kynjahlutföll í ráðningum, flokkun úrgangs o.fl.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Sjálfbærnimælaborð
3.3. Leed Gold umhverfisvottun
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar

Á árinu var áfram unnið að því að auka framboð af hollari valkostum. Við höfum áhrif með þeim vörum sem við setjum á markað hverju sinni og með endurbótum á núverandi vöruúrvali. Við lítum á það sem hluta af sjálfbærnivegferðinni að bjóða upp á hollari valkosti, svo sem vörur með minni eða engan sykur og áfengislausa bjóra. Þannig höfum við jákvæð áhrif á lýðheilsu og samfélagið allt.

Sykurmagn í seldum lítra af drykkjum Ölgerðarinnar heldur áfram að minnka. Bæði hefur magn sykurs í sykruðum drykkjum minnkað, neytendur velja í auknum mæli sykurlausa eða sykurminni valkosti, og vöruúrval Ölgerðarinnar af hollari valkostum hefur aukist.

Ölgerðin framleiðir úrval af hágæða bjór, bæði með áfengi og án áfengis. Áfengir drykkir geta haft skaðleg áhrif sé þeirra ekki neytt í hófi. Samfélagið okkar er í stöðugri þróun og vaxandi fjöldi neytenda kýs að draga úr eða sleppa öllu áfengi.

Við höfum lagt áherslu á að auka úrval áfengislausra bjórtegunda svo neytendur geti valið þann drykk sem hentar hverju tilefni fyrir sig. Áfengislaus bjór getur verið dæmi um mjög heilsusamlegan kost þar sem hann inniheldur vatn, humla og korn frá náttúrunni. Náttúruleg vítamín og steinefni auka enn á hollustu hans. Á árinu voru hágæða áfengislausar bjórtegundir settar á markað til að svara þeim áhuga sem neytendur hafa sýnt og mikil vinna var lögð í að gera þá jafn bragðgóða og bjóra með áfengi.









1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Leed Gold umhverfisvottun
3.3. Sjálfbærnimælaborð
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

## Tannvænir drykkir

Ölgerðin býður upp á fjölda kolsýrðra drykkja sem eru ekki skaðlegir tannheilsu neytenda. Allar bragðtegundir Kristals eru tærar og hafa ekki glerungseyðandi áhrif. Einnig bjóðum við upp á tannvænan valkost á orkudrykkjamarkaði.

105 koffínvatn er tær og einfaldur drykkur sem inniheldur einungis kolsýrt vatn, náttúruleg bragðefni og náttúrulegt koffín. Drykkurinn er því alveg laus við sykur, sætuefni, kolvetni og hitaeiningar.

## Sætuefni

Sætuefni eru notuð í hluta drykkja Ölgerðarinnar. Nokkur mismunandi sætuefni eru til og þau sem Ölgerðin notar eru öll viðurkennd og hafa verið rannsökuð yfir langan tíma. Stöðugt er verið að vakta rannsóknir á sætuefnum en innihaldsefnin eru samþykkt af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Við notum eingöngu samþykkt efni í okkar matvæli. Drykkir með sætuefnum valda ekki sama blóðsykursójafnvægi og drykkir með sykri. Súkralósi, Acesulfame Porassium og Aspartame eru dæmi um sætuefni sem notuð eru hjá Ölgerðinni og má lesa meira um þau á heimasíðu PepsiCo: www.pepsicoproductfacts.com/home/sweeteners.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Leed Gold umhverfisvottun
3.3. Sjálfbærnimælaborð
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Samstarfsaðilar og birgjamat

Við hjá Ölgerðinni veljum okkur samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað og okkar fyrirtæki þegar kemur að sjálfbærni.

Margir af okkar birgjum hafa unnið metnaðarfull verkefni sem snúa að endurhönnun umbúða:

**Smarties hefur uppfært allar umbúðir sínar til að gera þær umhverfisvænni en áður.**




**PepsiCo hefur sett sér metnaðarfull markmið líkt og við, kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 í allri virðiskeðjunni.**

pep+ pepsico positive planet + people

**We're changing how we source our ingredients make and sell our products, and how we inspire people through our brands.**

Birgjamat er eitt af helstu vopnum Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni. Þar sem innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ölgerðarinnar þá fara birgjar í gegnum sérstakt stöðumat.

Staðlaður spurningalisti er sendur til birgja og framkvæmdastjóri deildarinnar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Þannig er hægt að meta hvort birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði og samfélagsábyrgð.

Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til að ýta undir vitundarvakningu um sjálfbærni hjá þeim sem fyrirtækið verslar við.



1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
   3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
   3.2. Leed Gold umhverfisvottun
   3.3. Sjálfbærnimælaborð
   3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
   3.5. Tannvænir drykkir
   3.6. Sætuefni
   3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
   3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
   3.9. Umhverfisvænni umbúðir
   3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

## Hvað eru vegan snyrtivörur?

Vegan snyrtivörur eru einfaldlega vörur sem innihalda engin innihaldsefni úr dýraafurðum. Slík innihadsefni geta t.d. verið gelatín, kólesterín eða kollagen en einnig hunang, býflugnavax og mjólk. Vörurnar innihalda heldur ekki innihaldsefni sem hafa verið prófuð á dýrum.

Við flytjum inn snyrtivörur frá stórum framleiðendum sem vinna þegar eftir dýraverndunarsjónarmiðum og eru stöðugt að bæta sig í þessum efnum. T.d. hefur L'Oréal tekið fyrir allar dýraprófanir frá árinu 1989 og Essie prófar vörurnar sínar ekki á dýrum. Evrópusambandið hefur bannað sölu á snyrtivörumerkjum sem stunda dýraprófanir eða kaupa innihaldsefni, sem eru prófuð á dýrum, frá þriðja aðila. Það er stefna L'Oréal að fjölga hlutfalli vegan formúla. Framtíðarsýn fyrirtækisins eru hreinar hágæðavörur með minna kolefnisspor og umhverfisvænni lausnir, bæði í formúlum og pakkningum.

### HLUTFALL VEGAN VÖRUÚRVALS




## Umhverfisvænni umbúðir

Á snyrtivörumarkaði er þróun í kauphegðun neytenda skýr. Neytendur vilja hreina fegurð og huga að áhrifum á umhverfið. Neytendur kjósa grænar formúlur og þau fyrirtæki sem hafa umhverfisvænar framleiðsluaðferðir.

L'ORÉAL PARIS

100% af starfsstöðvum verða kolefnishlutlausar árið 2025.

GARNIER

100% kolefnishlutlaus framleiðsla árið 2025.



1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Leed Gold umhverfisvottun
3.3. Sjálfbærnimælaborð
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Styrkir

Ölgerðin nýtir styrki til að hvetja börn til hreyfingar og í önnur heilsubætandi verkefni. Einnig gefum við vörur sem eru að nálgast síðasta söludag og reynum að koma þeim í góðar hendur í stað þess að þess að farga þeim. Mæðrastyrksnefnd, Samhjálp, Fjölskylduhjálp og fleiri smærri hjálparsamtök, eins og Frú Ragnheiður, hafa verið þakklát fyrir þessar vörur.

Ölgerðin er með samninga við ÍBR (Íþróttabandalag Reykjavíkur) í tengslum við RIG (Reykjavík International Games), Laugavegshlaupið, Reykjavíkurmaraþonið og UMFÍ í tengslum við Hreyfiviku, ungmennabúðir, unglingalandsmót o.fl.

Ölgerðin styrkir:

- Ungmenna- og skólabúðir á Laugarvatni og Reykjum. Tæplega 6.000 nemendur á aldrinum 13–15 ára koma í búðirnar á hverju ári.
- Fjóra viðburði í íþróttaveislu UMFÍ (mismunandi viðburði, víða um land). Þátttakendafjöldi er breytilegur eftir staðsetningu.
- Skólablak. 15–20 mismunandi staðir um allt land með 50–500 þátttakendum. Verkefnið er í samstarfi við Blaksamband Íslands.

Ölgerðin er einnig styrktaraðili Hreyfiviku UMFÍ. Hreyfivika er árleg lýðheilsuherferð til að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum. Þar finnur fólk á öllum aldri þá hreyfingu sem því finnst skemmtileg. Ölgerðin styrkir UMFÍ með fjárframlögum vegna Hreyfiviku og tekur þátt í kynningarstarfsemi átaksins.

**Starfsfólk Ölgerðarinnar stóð með þolendum átakanna í Úkraínu**

Ölgerðin gaf 200% mótframlag með styrkjum starfsfólks til neyðastofnunarinnar Rauða krossins og söfnuðust samtals 573.000 kr.

**Himinn og Akur NR.T39 Ukrainan Golden Ale**

Allur ágóði rann til styrktar hjálparstarfi í Úkraínu og var bjórinn sérstaklega bruggaður með von og trú um hið góða í manninum.






1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
3.1. Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni
3.2. Leed Gold umhverfisvottun
3.3. Sjálfbærnimælaborð
3.4. Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar
3.5. Tannvænir drykkir
3.6. Sætuefni
3.7. Samstarfsaðilar og birgjamat
3.8. Hvað eru vegan snyrtivörur?
3.9. Umhverfisvænni umbúðir
3.10. Styrkir
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# 4. Fjölbreytileiki



# 4. Fjölbreytileiki

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Við hjá Ölgerðinni viljum laða að okkur hæfasta starfsfólkið og halda því í starfi með hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og áherslu á jafna möguleika. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn, á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og laga þjónustu fyrirtækisins að þeim. Við náum betri árangri með fjölbreytileika og sköpum þannig eftirsóknarverðari vinnustað.

## Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin ‘78

**Ölgerðin hóf samstarf við Þorstein V. Einarsson hjá Karlmennskunni á árinu. Allt starfsfólk fékk fræðslu um jákvæða karlmennsku sem grundvallast á virðingu, mennsku og jafnrétti. Samstarfið var liður í því að fræða starfsfólk um fjölbreytileikann og stuðla að jafnrétti milli kynja með því að uppræta hefðbundnar karlmennskuhugmyndir og storka staðalímyndum. Öll megum við sýna samkennd með samstarfsfólki okkar, enda erum við öll mennsk.**

## Inngildandi vinnustaður

**Nú er öll salerni í Ölgerðinni kynhlutlaus. Það tryggir að öll upplifi sig velkomin óháð kyni eða kyngervi, en liður í markmiðum okkar um fjölbreytileika er að stuðla að inngildandi vinnustað fyrir öll. Á árinu var búningsaðstöðu fyrir konur komið fyrir á stað þar sem áður voru aðeins karlaklefar. Hjá Ölgerðinni er einnig kynhlutlaus búningsaðstaða.**

## Úttekt á aðgengi

**Á árinu var gerð úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða að húsnæði Ölgerðarinnar enda er mikilvægt að huga að öllum hópum og vita hver staðan er áður en hægt er að bæta úr málum. Niðurstaða úttektarinnar, sem unnin var í samstarfi við Sjálfsbjörgu, leiddi í ljós að gera þarf breytingar á húsnæðinu og er því unnið að úrbótum.**

## Markmið um nýráðningar

**Við hjá Ölgerðinni höfum nú þegar sett okkur markmið fyrir árið 2030 um að aldrei sé hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum. Til að fylgja því markmiði eftir er mælaborð með nýráðningum í fyrirtækinu þar sem sérstaklega er fylgst með hlutfalli eftir kyni. Til að reyna að fjölga umsóknum frá konum hefur markvisst verið unnið að því á árinu að orða auglýsingar betur og bæta myndefni fyrirtækisins.**

## Jafnvægisvogin

**Við hjá Ölgerðinni skrifuðum undir Jafnvægisvogina á árinu og tökum þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnum fyrirtækja á Íslandi. Við skuldbindum okkur einnig til að taka þátt í innleiðingu á kynjakvóta í stjórnun hlutafélaga, lög nr. 13/2010.**

# Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Við hjá Ölgerðinni viljum laða að okkur hæfasta starfsfólkið og halda því í starfi með hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og áherslu á jafna möguleika. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn, á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og laga þjónustu fyrirtækisins að þeim. Við náum betri árangri með fjölbreytileika og sköpum þannig eftirsóknarverðari vinnustað.

Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur stefnu um fjölbreytileika og jafnrétti. Við skuldbindum okkur til að vinna stöðugt að umbótum í jafnréttismálum og fjölbreytileika hjá fyrirtækinu. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna og koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun. Markmið okkar er að Ölgerðin sé eftirsóknarverður vinnustaður í huga fólks. Við höfum það að markmiði að vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd hvað fjölbreytileika varðar.

**Stefnumið**

Við hjá Ölgerðinni leggjum metnað okkar í að gæta jafnréttis milli starfsfólks með því að vinna markvisst í því að:

1. Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt fólk, óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.
2. Öll störf skulu standa fólki af öllum kynjum opin.
3. Jafna hlutfall kynja og auka fjölbreytni innan fyrirtækisins, einstakra hópa og deilda.
4. Vinna markvisst gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins.
5. Efla fræðslu og vitund alls starfsfólks um kynjajafnrétti og áskoranir minnihlutahópa.
6. Allt starfsfólk njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.
7. Auka sveigjanleika og jafnvægi á milli starfsábyrgðar og einkalífs.
8. Efla jafnréttismenningu innan fyrirtækisins, þannig að allt starfsfólk upplifi sig velkomið.
9. Auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kynjanna. Þær eiga ekki að vera einu kyni til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríða gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

**Allir**




**Byrjenda- og millistjórnendur**




**Yfirmenn og stjórnendur**




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
4.2. Markmið um nýráðningar
4.3. Jafnvægisvogin
4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin ‘78
4.5. Inngildandi vinnustaður
4.6. Núll-slysastefna
4.7. Heilsueflandi vinnustaður
4.8. Fræðsla og þjálfun
4.9. Starfsþróun og menntunarstig
4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
   4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
   4.2. Markmið um nýráðningar
   4.3. Jafnvægisvogin
   4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78
   4.5. Inngildandi vinnustaður
   4.6. Núll-slysastefna
   4.7. Heilsueflandi vinnustaður
   4.8. Fræðsla og þjálfun
   4.9. Starfsþróun og menntunarstig
   4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur


# Markmið um nýráðningar

Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur markmið fyrir árið 2030 um að aldrei sé hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum. Til að fylgja því markmiði eftir hefur mælaborð verið tekið í notkun svo hægt sé að fylgjast með nýráðningum og sérstaklega hlutfalli eftir kyni. Til að reyna að fjölga umsóknum frá konum hefur markvisst verið unnið í því á árinu að orða auglýsingar betur og bæta myndefni fyrirtækisins.







**Hlutfall nýráðninga eftir kyni**

- karlar
- konur
- óskilgreint

# Jafnvægisvogin

Við hjá Ölgerðinni skrifuðum undir Jafnvægisvogina á árinu og tökum þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnum fyrirtækja á Íslandi. Við skuldbindum okkur einnig til að taka þátt í innleiðingu á kynjakvóta í stjórnun hlutafélaga, lög nr. 13/2010. Við heitum því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar og leggja verkefninu lið í öflun áreiðanlegra upplýsinga og taka þátt í könnun sem tengist öflun upplýsinga um stöðu mála ásamt viðburðum verkefnisins.

**Hlutfall kynja í framkvæmdastjórn**

- karlar
- konur






# Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78

Ölgerðin hóf samstarf við Þorstein V. Einarsson hjá Karlmennskunni á árinu. Allt starfsfólk fékk fræðslu um jákvæða karlmennsku sem grundvallast á virðingu, mennsku og jafnrétti. Samstarfið var liður í því að fræða starfsfólk um fjölbreytileikann og stuðla að jafnrétti milli kynja með því að uppræta hefðbundnar karlmennskuhugmyndir og storka staðalímyndum. Í 10 ár hefur Ölgerðin tekið þátt í Hinsegin dögum með bruggun á bjórnum Ástríki. Okkur hjá Ölgerðinni er mikið í mun að koma í veg fyrir að samstarfið verði skrautfjöður án þess að raunverulegar breytingar fylgi. Við höfum því samið við Samtökin '78 um heildstæða fræðslu fyrir starfsfólk fyrirtækisins og tökum þátt í tilraunaverkefni með þeim í hinsegin vottun.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
4.2. Markmið um nýráðningar
4.3. Jafnvægisvogin
4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78
4.5. Inngildandi vinnustaður
4.6. Núll-slysastefna
4.7. Heilsueflandi vinnustaður
4.8. Fræðsla og þjálfun
4.9. Starfsþróun og menntunarstig
4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Inngildandi vinnustaður

## Kynhlutlaus salerni

Nú eru öll salerni í Ölgerðinni kynhlutlaus. Þetta er hluti af markmiðum okkar um fjölbreytileikann að allt fólk upplifi sig velkomið óháð kyni hjá Ölgerðinni. Hingað til hefur sumum salernum verið skipt í tvennt, fyrir konur og karla. Kynhlutlaus salerni skipta marga máli sem ekki falla inn í hefðbundu kynjatvíhyggju, t.d. fólk sem fæðist ekki með dæmigerð ytri kyneinkenni, trans fólk (kynvitund er ekki í samræmi við líffræðilegt kyn) og kynsegin fólk. Það getur valdið kvíða að þurfa að gangast við merkjum karla eða kvenna þegar hvorugt hentar kynvitund viðkomandi.

## Búningsherbergi fyrir konur

Á árinu var búningsaðstöðu fyrir konur komið fyrir á stað þar sem áður voru aðeins karlaklefar. Hjá Ölgerðinni er einnig kynhlutlaus búningsaðstaða.

## Úttekt á aðgengismálum

Á árinu var gerð úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða að húsnæði Ölgerðarinnar, enda er mikilvægt að huga að öllum hópum og vita hver staðan á aðgengismálum er áður en hægt er að gera umbætur. Niðurstaða úttektarinnar, sem unnin var í samstarfi við Sjálfsbjörgu, leiddi í ljós að gera þarf breytingar á húsnæðinu og unnið er að úrbótum.

## Íslenskukennsla fyrir alla

Við hvetjum starfsfólk til að sækja íslenskukennslu, sem við greiðum fyrir, og bjóðum upp á kennslu í húsnæði Ölgerðarinnar svo það sé auðveldara fyrir starfsfólk að sækja námið. Við reynum eftir fremsta megni að senda allt efni frá okkur bæði á íslensku og ensku til að auðvelda fólki sem ekki hefur íslensku að móðurmáli að afla sér upplýsinga. Á starfsmannadeginum okkar bjóðum við t.d. upp á túlka á íslensku og ensku.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
4.2. Markmið um nýráðningar
4.3. Jafnvægisvogin
4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78
4.5. Inngildandi vinnustaður
4.6. Núll-slysastefna
4.7. Heilsueflandi vinnustaður
4.8. Fræðsla og þjálfun
4.9. Starfsþróun og menntunarstig
4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Núll-slysastefna

Öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðaþjálfun, framúrskarandi tækjakosti, öruggum aðbúnaði og tryggu verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni starfar öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldinu eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum „næstum því slysum“ þar sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.

Slysum og fjarverustundum vegna slysa fækkaði á milli ára. Hvert slys er einu of mikið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núll-slysastefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenningar ávallt vera í brennidepli hjá fyrirtækinu.

**Slys á vinnustað sem hlutfall af fjölda starfsfólks**



- **2017** (1%)
- **2018** (3%)
- **2019** (3%)
- **2020** (3%)
- **2021** (3%)
- **2022** (2%)




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
   - 4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
   - 4.2. Markmið um nýráðningar
   - 4.3. Jafnvægisvogin
   - 4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78
   - 4.5. Inngildandi vinnustaður
   - 4.6. Núll-slysastefna
   - 4.7. Heilsueflandi vinnustaður
   - 4.8. Fræðsla og þjálfun
   - 4.9. Starfsþróun og menntunarstig
   - 4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
   4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
   4.2. Markmið um nýráðningar
   4.3. Jafnvægisvogin
   4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78
   4.5. Inngildandi vinnustaður
   4.6. Núll-slysastefna
   4.7. Heilsueflandi vinnustaður
   4.8. Fræðsla og þjálfun
   4.9. Starfsþróun og menntunarstig
   4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur


# Heilsueflandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt til heilsueflingar hjá Ölgerðinni með margvíslegum hætti. Því er boðið að nýta sér heilsustyrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Boðið er upp á samgöngusamning fyrir þau sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti.

Ár hvert er haldin heilsu- og öryggisvika með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggis. Vikan er samsett af fjölda viðburða, fyrirlestra, námskeiða, keppna og jógatíma. Við hjá Ölgerðinni stuðlum að því að fyrirkomulagið og dagskráin séu eins og best er á kosið hverju sinni svo flest starfsfólk geti fundið eitthvað við sitt hæfi í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu.

Við erum með samning við Heilsuvernd sem er viðurkenndur, heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustuþættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsmanna, þjónustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu auk annarrar þjónustu.

Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsfólki innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála. Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heilbrigðiskerfisins. Starfsfólk leitar áfram til heimilislækna sinna eða annarra lækna vegna meðferðar. Með skráningunni fæst heildaryfirlit yfir fjarvistir starfsfólks innan mismunandi deilda fyrirtækisins og mögulegt er að bera saman deildir eða Ölgerðina við önnur fyrirtæki. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.

Starfsfólki Ölgerðarinnar bjóðast bæði heilsustyrkur og samgöngustyrkur. Við hvetjum starfsfólk til að sinna heilsu sinni vel og stunda hreyfingu og líkamsrækt sem og að sinna andlegri heilsu. Við hvetjum einnig starfsfólk til að nýta vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað.

# Fræðsla og þjálfun

Starfsfólk Ölgerðarinnar er ein dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Það sér ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það dugnaður þess og áræðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa keypt vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár. Það er Ölgerðinni því mikið kappsmál að sjá til þess að starfsfólki fyrirtækisins líði vel við störf sín og að það vaxi og dafni í takt við árangur þess.

Einn mikilvægasti þátturinn í þessari vinnu er að sjá til þess að starfsfólk njóti góðrar þjálfunar og að góður árangur í starfi skili sér í aukinni ábyrgð og umbun innan fyrirtækisins.

Fræðsla starfsfólks fer að mestu fram í gegnum rafrænt fræðslukerfi, Ölgerðarskólann. Hlutverk Ölgerðarskólans er að auka þekkingu starfsfólks og viðhalda henni með aðgengilegum námskeiðum og fræðslu.

Þegar starfsfólk hefur störf hjá Ölgerðinni er því veittur aðgangur að Ölgerðarskólanum. Það fer í gegnum nýliðafræðslu þar sem farið er yfir öll helstu atriði varðandi sögu, stefnur, reglur og rekstur fyrirtækisins.

Skyldufræðsla nýs starfsfólks er ákvörðuð út frá þörfum og þeim gæðakröfum sem Ölgerðin þarf að uppfylla hverju sinni.



## Starfsþróun og menntunarstig

Á árinu kortlögðum við menntunarstig starfsfólks hjá fyrirtækinu. Með því að hafa yfirsýn yfir menntunarstig er auðveldara að koma auga á tækifæri til starfsþróunar. Ölgerðin er fjölbreyttur en fyrst og fremst skemmtilegur vinnustaður. Hjá okkur starfar fólk með fjölbreyttan bakgrunn og fagmenntun, meðal annars bakarar, þjónar, matreiðslumenn, snyrtifræðingar, bílstjórar með meirapróf, viðskiptafræðingar, verkfræðingar, sálfræðingar, lífeindafræðingar, matvælafræðingar, stjórnmálafræðingar, leikarar, plötusnúðar og bruggmeistarar. Störf hjá Ölgerðinni eru fjölbreytt og stór hluti starfa hjá okkur krefjast ekki menntunar. Hjá Ölgerðinni býðst starfsfólki fræðslustyrkur sem er hugsaður til endurmenntunar og er hluti af starfsþróunar- og endurmenntunarstefnu Ölgerðarinnar.

## Starfaskipti

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til að kynnast samstarfsfélögum og til þess að þekkja störf hver annars enn betur. Í starfaskiptum heimsækir starfsfólk aðrar deildir og ver að minnsta kosti hálfum degi með starfsfólki á öðrum vinnustöðvum og lærir af því.

Tveir mánuðir á ári eru sérstaklega tileinkaðir starfaskiptum en að sjálfsögðu getur starfsfólk farið í starfaskipti á öðrum tímum. Þegar nýtt starfsfólk hefur störf fer það oft í starfaskipti sem er góð leið til að læra fljótt inn á starfsemina og kynnast fólki.



1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
4.1. Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti
4.2. Markmið um nýráðningar
4.3. Jafnvægisvogin
4.4. Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin ‘78
4.5. Inngildandi vinnustaður
4.6. Núll-slysastefna
4.7. Heilsueflandi vinnustaður
4.8. Fræðsla og þjálfun
4.9. Starfsþróun og menntunarstig
4.10. Starfaskipti
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

ÖLGERÐIN Sjálfbærniskýrsla 2022

# 5. Hringrásarhagkerfið



# 5. Hringrásarhagkerfið

Við hjá Ölgerðinni setjum aukinn kraft í að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu. Við leggjum áherslu á að draga úr sóun í öllu ferlinu (hráefni og umbúðir, hönnun, framleiðsla, flutningur, notkun/endurnotkun/viðgerðir/deiliþjónusta, söfnun og endurvinnsla).

## Uppvinnsla úrgangsstrauma

**Starfsmannafatnaður sem fellur til í starfseminni er nú uppunninn, t.d. í stóla. Hluti af því geri sem fellur til við bjórgerð er notað í sjampó, svokallað bjórsjampó.**

## Minnkun matarsóunar í vefverslun

**Á forsíðu vefverslunar Danól, dótturfyrirtækis Ölgerðarinnar, er þær vörur sem eru á stórlækkuðu verði vegna tæprar dagsetningar nú sýnilegar. Verkefnið hófst í september 2022 og seldust 20 tonn af vörum á sóunarsíðunni síðasta ársfjórðung 2022.**

## Endurvinnsla á Íslandi

**Fyrstu plastbrettin voru endurunnin á Íslandi í samstarfi við PureNorth.**

## Endurvinnsla umbúða

**Ölgerðin er einn eiganda Endurvinnslunnar sem á stóran þátt í að tryggja drykkjaumbúðum framhaldslíf. Við höfum látið gera vistferilsgreiningu á kolefnisspori umbúða sem er öllum aðgengileg á heimasíðu okkar.**

## Aukin flokkun á árinu

**Með öflugum aðgerðum höfum við náð fram aukinni flokkun. Allir plastpokar eru nú glærir og úrgangi, sem áður lenti í almennu sorpi, hefur verið fundinn réttur farvegur.**

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
5.2. Uppvinnsla – Bambahús
5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
5.5. Endurvinnsla umbúða
5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
5.12. Aukin flokkun
5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

## Starfsmannafatnaður verður að stólum

Starfsmannafatnaður frá Ölgerðinni var uppunninn í samstarfi við Slembival. Gamall starfsmannafatnaður var endurnýttur í grjónapúðastóla fyrir kaffihús Ölgerðarinnar. Fatnaðurinn var tekinn í sundur, litaður og settur saman aftur. Við höldum samstarfi okkar við Slembival við frekari vinnslu á gömlum textíl áfram.

## Uppvinnsla – Bambahús

Fjöldi bamba fellur til hjá Ölgerðinni á hverju ári en hluti af hráefnum í vörur okkar er fluttur til landsins í bömbum. Á árinu var ákveðið að fara í samvinnu við Bambahús og fara nú allir bambar sem falla til hjá Ölgerðinni í bambahús sem eru uppunnin gróðurhús.





## Minnkun matarsóunar í vefverslun

Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að minnka matarsóun. Á forsíðu vefverslunar Danól, dótturfyrirtækis Ölgerðarinnar, er nú vakin sérstök athygli á vörum sem eru við það að renna út og eru því á lækkuðu verði. Einnig er fylgst grannt með síðasta söludegi vara og gripið snemma inn í með afsláttum ef hætt er við því að varan renni út áður en hún selst. Verkefnið hófst í september 2022 og seldust 20 tonn af vörum á sóunarsíðunni á síðasta ársfjórðungi 2022. Vörur með 109 mismunandi vörunúmerum og samtals 2.841 sölueiningar seldust.




## Bjórsjampó í samstarfi við Verandi

Hluti af hráefnum sem falla til við bruggun á Gulli er nú nýttur til framleiðslu á einstöku íslensku sjampói hjá Verandi. Hringrásarhagkerfið skiptir okkur máli og þetta er dæmi um hvernig uppvinna má hráefni sem fellur til hjá okkur. Þannig er affalli við framleiðslu á bjór gefið nýtt líf.







1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
5.2. Uppvinnsla – Bambahús
5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
5.5. Endurvinnsla umbúða
5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
5.12. Aukin flokkun
5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Endurvinnsla umbúða

Ölgerðin er einn eiganda Endurvinnslunnar sem á stóran þátt í að tryggja drykkjaumbúðum framhaldslíf. Við höfum gert vistferilsgreiningu á kolefnisspori umbúða sem er aðgengilegt öllum á heimasíðu Ölgerðarinnar.

Það er mikilvægt að einnota drykkjavöruumbúðum sé skilað í endurvinnslu svo þær eigi möguleika á framhaldslífi. Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjavöruumbúða hérlendis og selur til endurvinnslu. Skilahlutfallið var 89,2% árið 2022.

**Skilahlutfall árið 2022**




**Heildarskilahlutfall eftir árum**




# Endurunnið PET í plastflöskum Ölgerðarinnar

Við notum 50% endurunnið PET í plastflöskurnar okkar og eru plastflöskur 5,5 g léttari nú en árið 2008. Í ytri umbúðir er einnig notað 50% endurunnið plast. Á árinu 2023 verða plastflöskur léttar enn meira og endurunnið PET aukið í plastflöskum.



1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
5.2. Uppvinnsla – Bambahús
5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
5.5. Endurvinnsla umbúða
5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
5.11. Íslenskt bygg til björgerðar
5.12. Aukin flokkun
5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna

Plastflöskur koma til landsins sem svokallað „preform" og eru blásnar upp hér, hjá Ölgerðinni, í þær plastflöskur sem neytendur þekkja. Í framleiðsluferlinu falla stöku preform-flöskur til sem safnað er saman til endurvinnslu. Hingað til hafa þær verið sendar til endurvinnslu erlendis en ekki var hægt að sannreyna endurvinnsluferlið. Því var ákveðið að semja við Endurvinnsluna þar sem hún sendir sannanlega þennan straum til endurvinnslu á plastflöskum. Einnig fékkst greitt fyrir hráefnið hjá Endurvinnslunni. Við hjá Ölgerðinni notum sjálf endurunnið PET í plastflöskur og er því mikilvægt að tryggja með sannanlegum hætti þá hringrás. Þetta er dæmi um umbót á úrgangsstraumi hjá Ölgerðinni.

# Ferðabollar fyrir bílstjóra

Nú nota bílstjórar ferðabolla í staðinn fyrir einnota pappamál. Sparnaður var metinn upp á u.þ.b. 100.000 kr. og rúma 10.000 bolla á ári. Í Ölgerðinni er virkt umbótakerfi og er þetta ein af þeim umbótahugmyndum sem kom frá bílstjórum og er unnin af þeim sjálfum frá A–Ö.

# Hringrásarhraðall – Hringiða

Ölgerðin gerði 3 ára samning við KLAK til stuðnings við hringrásarhraðalinn Hringiðu. Markmið hringiðu er að draga fram, efla og styðja nýsköpunarverkefni fyrirtækja og stofnana.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
   - 5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
   - 5.2. Uppvinnsla – Bambahús
   - 5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
   - 5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
   - 5.5. Endurvinnsla umbúða
   - 5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
   - 5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
   - 5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
   - 5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
   - 5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
   - 5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
   - 5.12. Aukin flokkun
   - 5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
   - 5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
5.2. Uppvinnsla – Bambahús
5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
5.5. Endurvinnsla umbúða
5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
5.12. Aukin flokkun
5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur

Neytendur gera í síauknum mæli kröfur um að fá upplýsingar um uppruna framleiðsluvara og aukna upplýsingagjöf um umhverfisleg áhrif þeirra. Þess vegna fólum við EFLU verkfræðistofu að gera vistferilsgreiningu á hinum ýmsu umbúðum og mismunandi umhverfisáhrifum þess að framleiða hér á landi eða flytja inn fullunnar drykkjavörur. Þar kemur skýrt fram að umhverfislegur ávinningur þess að framleiða drykkjavörur hér heima samanborið við að flytja inn framleiðsluvöru er gríðarlegur. Munurinn á kolefnislosun vegna flutninga er allt að 589%. Skýrslu EFLU verkfræðistofu má finna í heild sinni hér: vefverslun.olgerdin.is/Files/Files/Olgerdin/Kolefnisspor_umbuda_uppf_14-12-2020.pdf

# Íslenskt bygg til bjórgerðar

Ölgerðin er stærsti einstaki notandi íslensks byggs til bjórgerðar. Við framleiðslu, meðal annars á Bola, notum við íslenskt bygg. Þrátt fyrir að vera stærsti einstaki notandinn á Íslandi er þetta lítill hluti af heildarbyggmagni sem fyrirtækið notar. Í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands höfum við kannað möguleika á frekari framleiðslu og möltun á byggi hérlendis. Mörg atriði þurfa að koma til, t.d. réttur byggstofn til ræktunar og fjármagn til uppsetningar á möltunarstöð. Þetta er nýsköpunarverkefni til langs tíma en notkun íslensks hráefnis gæti minnkað kolefnisspor við bjórgerð mikið.





# Aukin flokkun

Fyrirtækið vinnur nú að innleiðingu nýrra hringrásarlaga sem hjálpar til við að auka hlutfall þess úrgangs sem er flokkaður. Á árinu var öllum svörtum ruslapokum skipt út fyrir glæra sem gerir það að verkum að við sjáum frekar hvað lendir í almennu sorpi. Þannig hefur náðst að grípa strauma sem áður enduðu í almennu sorpi og koma í réttan endurvinnslufarveg. Hlutfall flokkaðs sorps jókst á árinu, frá 85,34% árið 2021 í 90,11% árið 2022.




# Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum

Stór hluti glatvarma er endurnýttur frá gufukerfum okkar. Það þýðir að gufu, sem er notuð til upphitunar, og suðu á hinum ýmsu stigum framleiðslunnar er safnað saman á forðatanka í formi 70°C vatns og þarf því ekki að hita kalt vatn frá 5°C með rafmagni. Hér er því um alvöru orkusparnað að ræða.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
5.2. Uppvinnsla – Bambahús
5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
5.5. Endurvinnsla umbúða
5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
5.12. Aukin flokkun
5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
5.1. Starfsmannafatnaður verður að stólum
5.2. Uppvinnsla – Bambahús
5.3. Bjórsjampó unnið með Verandi
5.4. Minnkun matarsóun í vefverslun
5.5. Endurvinnsla umbúða
5.6. Endurunnið PET í plastflöskum
5.7. Umbót á úrgangsstraumi plastflaskna
5.8. Ferðabollar fyrir bílstjóra
5.9. Hringrásarhraðall – Hringiða
5.10. Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur
5.11. Íslenskt bygg til bjórgerðar
5.12. Aukin flokkun
5.13. Glatvarmi endurnýttur frá gufukerfum
5.14. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

ÖLGERÐIN Sjálfbærniskýrsla 2022

# 6. Kolefnishlutleysi



## 6. Kolefnishlutleysi

Ölgerðin hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Aðferðafræðin byggir á Science Based Targets (SBTi) þar sem unnið er að því að draga úr kolefnislosun í allri virðiskeðjunni og það sem stendur eftir er svo bundið með vottuðum kolefniseiningum.

### Minna kolefnisspor

Kolefnisspor eigin reksturs (umfang 1 og 2) jókst um 18 tonn CO2 ígilda. Ástæðan er aukin olía fyrir varagufuketil í framleiðslu en bilun varð á rafmagnsgufukatlinum seinni hluta árs. Fjárfest hefur verið í nýjum 3MW gufukatli sem verður tekinn í notkun 2023. Þá verður olíugufuketillinn fjarlægður.

### Losunarkræfni tekna

Losunarkræfni tekna minnkar um 11% milli ára. Ölgerðin losar hlutfallslega minna af gróðurhúsalofttegundum þrátt fyrir að umfang starfseminnar aukist milli ára.

### Rafvæðing bílaflotans

25% af bílaflotanum eru rafbílar og við stefnum á 100% árið 2030. Við festum kaup á tveim rafvöruflutningabílum á árinu sem koma inn í flotann okkar árið 2023.

### Rafvæðing framleiðslu

Í framleiðslu eru tveir gufukatlar; annar er knúinn rafmagni og hinn olíu. Á árinu var fjárfest í nýjum 3 MWh rafmagnsgufukatli og verður olíukatlinum skipt út árið 2023.

### Umhverfisvænt kælikerfi

Skipt hefur verið um kælikerfi og er ammoníak núna aðalkælimiðillinn.

# Kolefnisspor rekstururs 64% minni

Ölgerðin hefur minnkað kolefnisspor reksturs um 64% frá 2016 til 2022 á sama tíma og velta fyrirtækisins hefur aukist um 60%.

Yfirlýsing um 40% samdrátt kolefnisspors 16. nóvember 2015 í Höfða – markmiði var náð fram árið 2019.

SBTi markmið um 42% minna kolefnisspor frá umfangi 1 og 2 árið 2030 samanborið við 2020 – samdráttur er nú þegar 23%.









1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Okkar kolefnislosun – okkar vandamál

Minni kolefnislosun þarf að vera forgangsatriði allra fyrirtækja og við ætlum að taka þátt í að halda hlýnun jarðar innan 1,5°C til 2030 og verða kolefnishlutlaus 2040. Við erum ekki eingöngu að skoða „okkar eigin“ kolefnislosun (umfang 1 og 2) heldur einnig kolefnislosun í allri virðiskeðjunni (umfang 3).





1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
   - 6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
   - 6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
   - 6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
   - 6.4. Kolefnishlutleysi 2040
   - 6.5. Kolefnissporið minnkar
   - 6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
   - 6.7. Skipting kolefnislosunar
   - 6.8. Allir bílar rafbílar
   - 6.9. Rafvæðing í framleiðslu
   - 6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
   - 6.11. Upprunavottorð orku
   - 6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
   - 6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Hvað er Science Based Targets (SBTi)?

Við hjá Ölgerðinni settum okkur metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Targets initiative (SBTi)). Hægt er að skoða fyrirtæki sem vinna eftir þessum viðmiðum og hafa fengið það staðfest hér: sciencebasedtargets.org/companies-taking-action#dashboard

Við höfum því skuldbundið okkur til að draga úr losun í umföngum 1 og 2 um 42% frá árinu 2020 sem kemur þá til viðbótar þeim góða árangri sem þegar hefur náðst. Auk þess ætlum við að ná enn betur utan um óbeina losun (umfang 3) og draga úr losun eftir fremsta megni. Það verður gert t.d. með því að endurskoða sendingarmáta vara til landsins, endurskoða framleiðslu umbúða og taka tillit til losunar vegna framleiðslu þeirra vara sem Ölgerðin kaupir og selur á Íslandi.

# Kolefnishlutleysi 2040

Við hjá Ölgerðinni stefnum að því að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust árið 2040 (e. Net-Zero 2040). Fyrirtækið mun þess vegna minnka losun gróðurhúsalofttegunda eins mikið og unnt er og binda það sem eftir stendur með vottuðum kolefniseiningum. Þessu markmiði verður m.a. náð með orkuskiptum og með því að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu, frá hráefnum og umbúðum til endurvinnslu, af fullum krafti.






1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Kolefnissporið minnkar

Markmiðið er að draga úr kolefnisspori vara Ölgerðarinnar. Okkar mælikvarði er kolefnisspor veltu. Þannig viljum við að þegar þú kaupir drykk, snyrtivöru eða aðrar vörur hjá okkur að losun á hverja einingu minnki stöðugt.

**Kolefnisspor í kg$CO_2$í/milljón tekna**




**Umfang 1 tCO2e**




**Umfang 2 tCO2e**




**Umfang 3 tCO2e**




**Skipting kolefnislosunar hjá Ölgerðinni**

- Umbúðir og hráefni (52%)
- Sjóflutningur og landflutningur (18%)
- Útflutningur (14%)
- Endurvinnsla á umbúðum (4%)
- Bílar (4%)
- Samgöngur starfsfólks (2%)
- Viðskiptaferðir (2%)
- Eldsneytis- og orkutengd starfsemi (2%)
- Olíuketill (1%)
- Rafmagn (1%)





# Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum

Hér sést niðurbrot á kolefnislosun Ölgerðarinnar og breyting á milli ára. Eðlilegt er að umbúðir, hráefni, flutningur og endurvinnsla umbúða aukist með aukinni sölu. Eldsneytisnotkun farartækja fer aðeins lækkandi þrátt fyrir aukið umfang og eru rafbílar nú 25% af bílaflotanum. Magn olíu fyrir olíuketilinn eykst á milli ára en bilun varð á rafmagnsgufukatlinum seinni hluta árs. Fjárfest hefur verið í nýjum 3MW gufukatli sem verður tekinn í notkun 2023. Þá verður olíugufuketillinn fjarlægður. Viðskiptaferðir aukast einnig eftir Covid árin og árshátíðarferð Ölgerðarinnar til Prag sést hér í tölunum. Úrgangur frá rekstri minnkar mikið milli ára enda vorum við í nýbyggingu árin á undan. Ánægjulegt er að sjá losun vegna kælimiðla dregst saman milli ára.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Allir bílar rafbílar – líka vöruflutningabílar

Árið 2030 verða allir bílar Ölgerðarinnar rafbílar. Í lok árs 2023 voru rafbílar 25% af bílaflotanum. Á árinu fjárfestum við í tveim rafbílum til vöruflutninga og innviðum fyrir þá hröðu orkuskiptavegferð sem fyrirtækið er á. Ölgerðin var fyrst íslenskra fyrirtækja til að kaupa rafsendibíl árið 2014 og varð nú einnig fyrsta fyrirtækið til að kaupa rafvöruflutningabíl.

Í flota Ölgerðarinnar eru um 70 fólksbílar sem starfsfólk fer á heim. Í sumum tilfellum eru innviðir heimilanna ekki komnir jafn langt og markmið Ölgerðarinnar um orkuskipti. Starfsfólki er boðinn styrkur til uppsetningar hleðslustöðvar og það fær útlagðan kostnað vegna þessa verkefnis endurgreiddan.

Eins og staðan er núna er ekki til nægt rafmagn fyrir framtíðarorkuþörf vöruflutningabílanna og verður því unnið að því að tryggja framtíðarorku á lóð Ölgerðarinnar fyrir full orkuskipti á árinu.




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Rafvæðing í framleiðslu

Gufukatlarnir eru þungamiðjan í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar. Þeir eru tveir og gengur annar fyrir rafmagni en hinn fyrir olíu. Um mitt ár 2018 var rafmagnsgufuketillinn settur í forgang fram yfir olíuketilinn. Rafmagnsgufuketillinn er þannig nýttur til fulls en ef þess er þörf tekur olíuketillinn við. Á árinu fjárfestum við í nýjum 3 MWh rafmagnsgufukatli og verður olíukatlinum skipt út árið 2023.

# Umhverfisvænt kælikerfi

Nýtt umhverfisvænna kælikerfi hefur verið tekið í notkun þar sem ammoníak er aðalkælimiðillinn. Kælimiðillinn hefur GWP-stuðulinn 0 en það þýðir að hann stuðlar ekki að breytingum á loftslagi jarðar.

# Upprunavottorð orku

Upprunaábyrgðir fylgdu frítt með raforku til sölufyrirtækja á heildsölumarkaði út árið 2022 og hefur Ölgerðin því fengið upprunaábyrgðir með keyptri raforku þar til nú. Landsvirkjun hefur tilkynnt að fyrirtæki þurfi að kaupa slíkar upprunaábyrgðir frá árinu 2023. Þótt þetta geti numið 15–30% af orkuverði og er aukakostnaður fyrir fyrirtæki á sjálfbærnivegferð ætlum við að kaupa upprunavottorð og halda okkar vegferð ótrauð áfram.






1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara

Við notum bæði pappa og plast í ytri umbúðir hjá Ölgerðinni. Sjálfbær notkun ytri umbúða er mikilvæg til að draga úr sóun og stuðla að umhverfisvernd. Við förum í það verkefni að taka saman kolefnisspor ytri umbúða á framleiddum vörum en kolefnisspor ytri umbúða framleiddra vara er 3–10% af kolefnisspori umbúða fyrir hverja einingu. Við höfum reynt að lágmarka umhverfisáhrif Ölgerðarinnar með því að hagræða umbúðahönnun til að lágmarka sóun og hámarka plássnýtingu.

**Ytri umbúðir sem % af heildarumbúðum**




**Kolefnisspor ytri umbúða á lítra (gCO$_2$/l)**






1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
6.4. Kolefnishlutleysi 2040
6.5. Kolefnissporið minnkar
6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
6.7. Skipting kolefnislosunar
6.8. Allir bílar rafbílar
6.9. Rafvæðing í framleiðslu
6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
6.11. Upprunavottorð orku
6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# Loftslagstengd áhætta og tækifæri

Ljóst er að loftslagsbreytingar hafa bæði áhættu og tækifæri í för með sér fyrir rekstur Ölgerðarinnar. Aukin vitund og skilningur á loftslagstengdri áhættu og tækifærum innan fyrirtækisins skila sér í betri áhættustjórnun og í upplýstara og markvissara skipulagi.

Í september 2022 var hópur stofnaður til að fjalla um loftslagstengd áhættu og tækifæri fyrir rekstur Ölgerðarinnar. Í hópnum eru forstjóri, aðstoðarforstjóri, fjármála- og mannauðsstjóri og leiðtogi sjálfbærni og umbóta. Farið hefur verið yfir spurningalista út frá TCFD viðmiðum og helstu áhættur og tækifæri tekin saman. Áhætta er metin út frá fjórum þáttum: Hversu líklegt er að áhætta raungerist, hversu mikil áhrif hefði áhættan á fyrirtækið ef hún raungerðist, hvert er varnarleysi fyrirtækisins gagnvart áhættunni og hver væri hraði áhrifa á fyrirtækið ef áhættan raungerðist. Niðurstöður áhættumats eru svo teknar inn í ákvarðanatöku stjórnenda þannig að draga megi úr áhættunni og auka seiglu Ölgerðarinnar til framtíðar.

Hægt er að skoða greiningu á loftslagstengdri áhættu og tækifæri til viðbragða hér: **olgerdin.is/loftslagstengd-ahaetta-og-taekifaeri**




1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
   - 6.1. Kolefnisspor reksturs 70% minni
   - 6.2. Okkar kolefnislosun – okkar vandamál
   - 6.3. Hvað er Science Based Targets (SBTi)?
   - 6.4. Kolefnishlutleysi 2040
   - 6.5. Kolefnissporið minnkar
   - 6.6. Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum
   - 6.7. Skipting kolefnislosunar
   - 6.8. Allir bílar rafbílar
   - 6.9. Rafvæðing í framleiðslu
   - 6.10. Umhverfisvænt kælikerfi
   - 6.11. Upprunavottorð orku
   - 6.12. Kolefnisspor ytri umbúða drykkjavara
   - 6.13. Loftslagstengd áhætta og tækifæri
7. Yfirlitstöflur

# 7. Töfluyfirlit





# Yfirlitstöflur

| REKSTRARBREYTUR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | m. ISK | 31.841 | 38.437 |
| Eigið fé alls | m. ISK | 7.418 | 9.805 |
| Rekstrarframlegð | m. ISK | 3.239 | 4.559 |
| Fjöldi stöðugilda | starfsgildi | 349 | 375 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | $m^2$ | 21.454 | 23.204 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | $m^3$ | 161.635 | 163.385 |

| LOSUNARKRÆFNI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Losunarkræfni tekna | $kgCO_2$í/milljón | 460 | 411 |
| Losunarkræfni rekstrarframlegðar | $kgCO_2$í/milljón | 4.520 | 3.462 |
| Losunarkræfni eiginfjár | $kgCO_2$í/milljón | 1.974 | 1.610 |
| Losunarkræfni starfsmanna | $kgCO_2$í/stöðug | 41.901 | 42.083 |
| Losunarkræfni orku | $kgCO_2$í/MWst | 624 | 650 |
| Losunarkræfni á hvern fermetra | $kgCO_2$ í/$m^2$ | 682 | 680 |
| Losunarkræfni á hvern rúmmetra | $kgCO_2$ í/$m^3$ | 91 | 97 |

| ORKUKRÆFNI | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Orkukræfni starfsmanna | kWs/stöðugildi | 67.141 | 64.714 |
| Orkukræfni tekna | kWs/milljón | 737 | 631 |
| Orkukræfni á fermetra | kWst/$m^2$ | 1.093 | 1.046 |
| Orkukræfni á rúmmetra | kWst/$m^3$ | 145 | 149 |
| Úrgangskræfni starfsmanna | kg/stöðugildi | 4.866 | 4.121 |
| Úrgangskræfni tekna | kg/milljón ISK | 53 | 40 |

| REKSTRARBREYTUR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Samtals mótvægisaðgerðir | $tCO_2$í | 1315 | 0 |
| Mótvægisaðgerðir með skógrækt | $tCO_2$í | 1315 | 0 |
| Aðrar mótvægisaðgerðir | $tCO_2$í | 0 | 0 |

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir árið 2022 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchanges).


1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Umfang 1 | t$CO_2$í | 917 | 932 |
| Umfang 2 | t$CO_2$í | 202 | 205 |
| Umfang 1 og 2 | t$CO_2$í | 1.118 | 1.137 |
| Umfang 3 | t$CO_2$í | 13.522 | 14.644 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3) | t$CO_2$í | 14.640 | 15.781 |

| UMFANG 1 – SAMSETNING LOSUNAR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarlosun | t$CO_2$í | 916 | 932 |
| Staðbundin eldsneytisnotkun | t$CO_2$í | 219 | 331 |
| Eldsneytisnotkun farartækja | t$CO_2$í | 596 | 592 |
| Lekalosun | t$CO_2$í | 100 | 8 |

| UMFANG 2 – SAMSETNING LOSUNAR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarlosun | t$CO_2$í | 201 | 204 |
| Rafmagn | t$CO_2$í | 144 | 152 |
| Hitaveita | t$CO_2$í | 57 | 52 |

| UMFANG 3 | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta | | | |
| Heildarlosun | t$CO_2$í | 7.553 | 8.111 |
| Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu (stærstu umbúðir og hráefni) | t$CO_2$í | 7.553 | 8.111 |
| Flokkur 2: Fastafjármunir | | | |
| Heildarlosun | t$CO_2$í | 49 | 26 |
| Tækjabúnaður (tölvur og símar) | t$CO_2$í | 49 | 26 |
| Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi | | | |
| Heildarlosun | t$CO_2$í | 174 | 283 |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| UMFANG 3 | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og aðkeypt dreifing | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 2.978 | 2.838 |
| Sjóflutningur | $tCO_2$í | 2.314 | 2.469 |
| Landflutningur | $tCO_2$í | 664 | 369 |
| Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 171,23 | 53,26 |
| Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi | $tCO_2$í | 171,23 | 53,26 |
| Flokkur 6: Viðskiptaferðir | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 19,5 | 269 |
| Flugferðir | $tCO_2$í | 19,5 | 269 |
| Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 268 | 270 |
| Einkabíll | fjöldi | 247 | 255 |
| Blandaðar samgöngur | fjöldi | 98 | 85 |
| Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 556 | 622 |
| Flokkur 15: Fjárfestingar | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2$í | 1.753 | 2172 |
| Fyrirtækjalán og óskráð hlutabréf (sjóflutningur Iceland Spring) | $tCO_2$í | 1.753 | 2.172 |

| ORKUNOTKUN | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 23.459.179 | 24.267.704 |
| Jarðefnaeldsneyti | kWst | 3.247.017 | 3.580.266 |
| Lífeldsneyti | kWst | | |
| Rafmagn | kWst | 13.766.099 | 14.777.201 |
| Hitaveita | kWst | 6.446.063 | 5.910.237 |
| Bein orkunotkun | kWst | 3.247.017 | 3.580.266 |
| Óbein orkunotkun | kWst | 20.212.162 | 20.687.438 |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| ORKUSAMSETNING | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 23.459.179 | 24.267.704 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | 13,8% | 14,8% |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 86,2% | 85,2% |
| Kjarnorka | % | 0% | 0% |

| ELDSNEYTISNOTKUN | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildareldsneytisnotkun | kg | 272.057 | 303.325 |
| Díselolía | kg | 152.808 | 146.684 |
| Bensín | kg | 48.802 | 51.804 |
| Vetni | kg | 186 | |
| AdBlue | kg | 2.230 | 2.876 |
| DM olía | kg | 68.031 | 101.961 |

| LEKALOSUN | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarlekalosun | kg | 68,3 | 4,2 |
| F-gös | kg | 68,3 | 4,2 |

| VATNSNOTKUN | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarvatnsnotkun | $m^3$ | 354.535 | 383.167 |
| Kalt vatn | $m^3$ | 243.396 | 281.266 |
| Heitt vatn | $m^3$ | 111.139 | 101.901 |

| SAMSETNING RAFORKU | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarnotkun raforku | kWst | 13.766.099 | 14.777.201 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | 0% | 0% |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 100% | 100% |
| Kjarnorka | % | 0% | 0% |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| AÐKEYPTIR FLUTNINGAR OG DREIFING | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn flutt | tonn | 66.275 | 74.456 |
| Flugfrakt | tonn | 0 | 0 |
| Sjóflutningur | tonn | 44.353 | 55.057 |
| Landflutningur | tonn | 21.922 | 19.399 |

| MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn úrgangs | kg | 1.700.146 | 1.545.523 |
| Flokkaður úrgangur | kg | 1.450.906 | 1.392.734 |
| Óflokkaður úrgangur | kg | 249.240 | 152.789 |
| Endurunninn úrgangur | kg | 1.404.289 | 850.292 |
| Úrgangi fargað | kg | 295.857 | 75.231 |
| Flokkunarhlutfall úrgangs | % | 85,34% | 90,11% |
| Endurvinnsluhlutfall úrgangs | % | 14,66% | 9,89% |

| MEÐHÖNDLUN PAPPÍRS | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarþyngd prentaðs pappírs | kg | 2.116 | 1.535 |
| Heildarmagn prentaðs pappírs | blaðsíður | 492.492 | 380.680 |
| þar af litaprent | blaðsíður | 140.600 | 144.478 |
| þar af svarthvít prentun | blaðsíður | 351.892 | 236.202 |
| Tvíhliða | blaðsíður | | |

| UMHVERFISSTARFSEMI | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? | já/nei | Já | Já |
| Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum? | já/nei | Já | Já |
| Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórn-unarkerfi? | já/nei | Já | Já |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| LOFTSLAGSEFTIRLIT | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Já | Já |
| Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Já | Já |

| MILDUN LOFTSLAGSÁHÆTTU | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun | m. ISK | 1.754 | 565 |

| MILDUN LOFTSLAGSÁHÆTTU | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi | X:1 | 7,91 | 6,6 |
| Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? | já/nei | Já | Já |

| LAUNAMUNUR KYNJA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna | X:1 | 0,97 | 0,99 |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar | % | 1,20% | 2,40% |

| STARFSMANNAVELTA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Starfsmenn í fullu starfi | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi | % | 14,9% | 18,95% |
| Frávísun | % | 4,4% | 5,00% |
| Starfslok | % | 1,1% | 0,79% |
| Starfssipti | % | 9,4% | 13,16% |
| Fráfall | % | 0,0% | 0,00% |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Starfsmenn í hlutastarfi | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi | % | 15,0% | 3,17% |
| Frávísun | % | 2,2% | 1,59% |
| Starfslok | % | 2,2% | 0,00% |
| Starfsskipti | % | 10,9% | 1,59% |
| Fráfall | % | 0,0% | 0,00% |
| Verktakar og/eða ráðgjafar | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi | % | | – |
| Frávísun | % | | – |
| Starfslok | % | | – |
| Starfsskipti | % | | – |
| Fráfall | % | | |
| Kyn | | | |
| Karlar | % | 14,10% | 39,94% |
| Konur | % | 11,00% | 36,00% |
| Aldur | | | |
| <20 | % | 0,00% | |
| 20–29 | % | 16,80% | 31,50% |
| 30–39 | % | 16,30% | 14,71% |
| 40–49 | % | 9,30% | 12,05% |
| 50–59 | % | 12,70% | 5,26% |
| 60–69 | % | 23,10% | 7,14% |
| 70+ | % | 0,00% | |

| **KYNJAFJÖLBREYTNI** | **EINING** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Starfsmannafjöldi | | | |
| Hlutfall kvenna í fyrirtækinu | % | 29% | 28% |
| Konur | fjöldi | 118 | 125 |
| Karlar | fjöldi | 290 | 318 |


1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Byrjenda- og millistjórnendastöður | | | |
| Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan | % | 28% | 28% |
| Konur | fjöldi | 106 | 113 |
| Karlar | fjöldi | 266 | 295 |
| Yfirmenn og stjórnendur | | | |
| Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda | % | 33% | 34% |
| Konur | fjöldi | 12 | 12 |
| Karlar | fjöldi | 24 | 23 |

| HLUTFALL TÍMABUNDINNA STARFSKRAFTA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Stöðugildi | fjöldi | 23 | 22 |
| Prósenta starfsmanna í hlutastarfi | % | 11% | 14% |
| Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa | % | | |

| AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið þitt stefu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti | já/nei | Já | Já |

| VINNUSLYSATÍÐNI | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi árverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna | já/nei | 2,6% | 2,0% |

| HNATTRÆN HEILSA OG ÖRYGGI | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og örggisstefnu? | já/nei | Já | Já |
| Heildarfjarvera frá vinnu sem hutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 3% | 4,22% |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 1% | 1,68% |
| Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 2% | 2,54% |

| BARNA- OG NAUÐUNGARVINNA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun? | já/nei | Nei | Nei |
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | já/nei | | |

| MANNRÉTTINDI | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda? | já/nei | | |

| KYNJAHLUTFALL Í STJÓRN | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla) | % | 40% | 40% |
| Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla) | % | 100% | 100% |

| ÓHÆÐI STJÓRNAR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | já/nei | Já | Já |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna | % | 20% | 20% |


1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| KAUPAUKAR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | já/nei | Já | Já |

| KJARASAMNINGAR | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall starfsfólks sem fellur undir almenna kjarasamninga | % | 100% | 100% |

| SIÐAREGLUR BIRGJA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Ber seljendum fyrirækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum? | % | | |

| SIÐFERÐI OG AÐGERÐIR GEGN SPILLINGU | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum? | já/nei | Já | Já |
| Ef já, hversu hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega staðfest að það fylgir stefnunni? | % | 21% | 46% |

| PERSÓNUVERND | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu? | já/nei | Já | Já |
| Hefur fyrirækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | já/nei | Já | Já |

| SJÁLFBÆRNISKÝRSLA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu? | já/nei | Já | Já |
| Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni? | já/nei | Já | Já |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

# Yfirlitstöflur

| STARFSVENJUR VIÐ UPPLÝSINGA-GJÖF | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | já/nei | Já | Já |
| Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | já/nei | Já | Já |
| Setur fyrirtækið þitt sér markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ? | já/nei | Já | Já |

| GÖGN TEKIN ÚT/SANNREYND AF YTRI AÐILA | EINING | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest að þriðja aðila? | já/nei | Nei | Já |

1. Inngangur
2. Starfsemi
3. Sjálfbær vöxtur
4. Fjölbreytileiki
5. Hringrásarhagkerfið
6. Kolefnishlutleysi
7. Yfirlitstöflur

Deloitte.

# Staðfesting óháðs endurskoðanda

**Til stjórnenda og hagsmunaaðila Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf.**
Við vorum ráðin af Ölgerðinni til að veita álit með takmarkaðri vissu á ófjárhagslegri upplýsingagjöf í sjálfbærniskýrslu Ölgerðarinnar fyrir árið 2022, sem byggð er á UFS leiðbeiningum Nasdaq ("skýrslan").

Verkefni okkar var framkvæmt til þess að leggja mat á:

- Tilvísunartöflu, sem sett er fram með vísun í UFS leiðbeiningar Nasdaq í Sjálfbærniskýrslu Ölgerðarinnar fyrir árið 2022;
- Aðferðir sem notaðir eru til að útbúa upplýsingarnar;
- Hvort texti sem snýr að sjálfbærni í Sjálfbærniskýrslu sé í samræmi við niðurstöður einstakra mælikvarða,

Niðurstaða okkar er sett fram með áliti með takmarkaðri vissu.

**Ábyrgð stjórnenda**
Stjórnendur Ölgerðarinnar eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Óhæði og gæðaeftirlit**
Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

**Ábyrgð óháðs endurskoðenda**
Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á tilvísunartöflu og ófjárhagslegum upplýsingum sem settar eru fram í Sjálfbærniskýrslu Ölgerðarinnar. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að tilvísunartafla og ófjárhagslegar upplýsingar séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með áliti með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við tókum viðtöl við lykilaðila innan Ölgerðarinnar, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að UFS mælikvarðar og upplýsingar séu settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Við höfum lagt mat á ferla, tól, kerfi og eftirlitsþætti sem studdst er við, við söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna hjá Ölgerðinni. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn. Ennfremur, höfum við lagt mat á framsetningu upplýsinga í Sjálfbærniskýrslu Ölgerðarinnar fyrir árið 2022, þar á meðal samræmi í upplýsingagjöfinni.

**Álit**
Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til annars en að UFS tilvísunartafla og ófjárhagsleg upplýsingagjöf Ölgerðarinnar í Sjálfbærniskýrslu fyrir árið 2022 sé að öllu verulegu leyti í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og að texti sem snýr að sjálfbærni í Sjálfbærniskýrslu sé settur fram í samræmi við mælikvarða sem greint er frá.

Kópavogi, 18. apríl 2023

**Deloitte ehf.**

Birna María Sigurðardóttir

Birna María Sigurðardóttir
Endurskoðandi

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON
Sjálfbærniskýrsla 2022